

Skipulagsskrá

Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningar- og framfarasjóður Ludvigs Storr og er stofnaður samkvæmt hans ákvörðun af dóttur hans Önnu Dúfu Storr Pitt og seinni konu hans Svövu Einarsdóttir Storr.

2. gr.

Heimili sjóðsins er að Laugavegi 15, 101 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framförum og nýsköpun á sviði menningar, verkfræði og náttúruvísinda með styrkjum, lánnum eða fjárfestingu.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er öll fasteignin nr. 15 við Laugaveg í Reykjavík. Framangreinda fasteign má ekki selja. Eigi má heldur veðsetja eignina nema vegna lántöku til viðhalds hennar, enda samþykki allir stjórnarmeðlimir veðsetninguna.

5. gr.

Eignir sjóðsins eru fasteign, sem um getur í 4. gr. svo og aðrar eignir, sem honum kunna að áskotnast. Tekjur sjóðsins eru leiga af húseigninni nr. 15 við Laugaveg í Reykjavík, svo og vextir og tekjur af öðrum eignum.

6. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu Háskóla Íslands. Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans, og gæta þess að þær rýrni ekki að verðmætum. Lausafé sjóðsins skal varðveitt á reikningi á nafni sjóðsins í fjármálafyrirtæki sem hefur leyfi opinberra yfirvalda til að veita innlánnum viðtöku og lýtur eftirliti þeirra. Stjórninni er heimilt að ávaxta fé sjóðsins með öðrum tryggum hætti að fenginni tillögu framkvæmdastjóra. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður á sama hátt og reikningar sjóða Háskóla Íslands.

7. gr.

Í lok reikningsárs, sem er almanaksárið, ákveður sjóðsstjórn, hversu miklum hluta af árlegum tekjuafgangi sjóðsins skuli varið til úthlutunar. Verði tap á rekstri sjóðsins skal það fært til frádráttar á eigin fé, sbr. þó 13. gr. laga nr. 33/1999. Nú telur stjórn ekki ástæðu til að úthluta öllum tekjuafgangi, og getur hún þá ákveðið, hvort leggja skuli þann hluta við höfuðstól eða geyma hann til úthlutunar síðar.

8. gr.

Framkvæmdastjóri leggur rökstuddar tillögur um úthlutun úr sjóðnum fyrir stjórn til ákvörðunar og gefur henni árlega skýrslu um framvindu verkefna sem þegið hafa úthlutun. Við mat á því, hvort úthluta skuli úr sjóðnum skal stjórn leggja til grundvallar, hvort verkefnið geti stuðlað að raunhæfum framförum í þeirri grein, sem um ræðir.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara, sem háskólaráð Háskóla Íslands kýs til þriggja ára í senn og skal einn þeirra vera úr hópi afkomenda Ludvig Storr í beinan legg, enda gefi hann kost á sér til stjórnarsetu, og skal hann jafnframt vera formaður. Að öðrum kosti tilnefnir rektor Háskóla Íslands formann í samráði við þá. Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af rektor Háskóla Íslands. Sjóðurinn verður ekki lagður niður né hann sameinaður öðrum, nema með samþykki háskólaráðs Háskóla Íslands, að fenginni tillögu stjórnar sjóðsins, sem samþykkt skal vera samhljóða. Samþykki háskólaráð Háskóla Íslands að leggja sjóðinn niður, skal ráðstafa eignum hans í samræmi við tilgang hans. Formaður tilnefnir framkvæmdastjóra og leggur ráðningu hans fyrir stjórn til samþykktar.

10. gr.

Formaður boðar til stjórnarfundu svo oft sem nauðsynlegt þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Fundargerðir skulu bókaðar í sérstaka gerðarbók.

11. gr.

Formaður ásamt einum stjórnarmanni, hið minnsta geta skuldbundið sjóðinn. Stjórn veitir framkvæmdastjóra prókúruumboð.

12. gr.

Stjórnin gerir tillögu til háskólaráðs Háskóla Íslands um þóknun fyrir stjórnarstörf, svo og þóknun fyrir önnur störf stjórnarmanna, sem unnin eru á vegum sjóðsins, ef ástæða þykir til.

13. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Við staðfestingu þessarar skipulagsskrár fellur úr gildi eldri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999.

Reykjavík 11. desember 2018

Jón Atli Benediktsson
Rektor Háskóla Íslands

David Pitt
Formaður stjórnar

Sigrún Nanna Karlsdóttir
Stjórnarmaður

Ebba Þóra Hvanberg
Stjórnarmaður

